

**Nr. 025 / 15 Ásbjörn RE 50*****Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1509 IMO nr. 7638387  
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1978 stál  
Stærð: 442,4 brl. 652 bt.  
Mesta lengd: 49,86 m Skráð lengd: 44,93 m  
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,6 m  
Vél: Stork-Werkspoor 1450 kW, 1985  
Fjöldi skipverja: 15

**Gögn:**

Gögn RNS



Ásbjörn ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 8. mars 2015 var Ásbjörn RE 50 á veiðum á SV miðum. Veður: SV 13-15 m/s og 6-7 m ölduhæð.

Þegar skipverjar voru við störf á trollþilfari stakkst hnífur, sem einn skipverjanna var með í vasanum, djúpt í læri hans og mikið blæddi úr sárinu. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og var þýrsla LHG send til skipsins en vegna veðurs gat hún ekki athafnað sig. Siglt var með slasaða til Helguvíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slasaði var í sinni fyrstu ferð á sjó;
- að slasaði sagði að hann hefði fengið hníf fyrsta daginn en hefði týnt honum þar sem hann hafði ekki hultur utan um hann. Fékk hann þá fyrirmæli um að ná sér í nýjan hníf og var sagt að geyma hann í vasanum. Mótmælti hann því í fyrstu en lét svo undan þrýstingi;
- að hnífurinn var af svokallaðri „grænmetisgerð“ með föstu blaði til að vinna með í netum. Fram kom að það hefðu verið mistök að oddurinn á blaðinu hefði ekki verið brotinn af;
- að fram kom hjá skipstjóra að engin sérstök nýliðafræðsla væri um borð en mönnum sagt til.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var sú að hnífurinn var ekki hafður í hultstri.

Nefndin lýsir furðu sinni á því að nýliðum sé ekki leiðbeint á viðeigandi hátt eða veitt tilhlíðileg tilsögn eins og 8. gr. Sjómannalaganna nr. 35 frá árinu 1985 gerir ráð fyrir.